



Fréttatilkynning

04 January 2024 17:10:00 GMT

## Arion banki hf.: Niðurstaða útboðs sértryggðra skuldabréfa

**Arion banki hf. lauk í dag útboði á sértryggðum skuldabréfaflokki ARION CBI 30 fyrir samtals 5.560 m.kr.**

Í heild bárust 20 tilboð að fjárhæð 6,080 m.kr að nafnvirði í flokkinn ARION CBI 30 á ávöxtunarkröfu á bilinu 3,58 - 3,66%. Tilboð að nafnvirði 5.560 m.kr. voru samþykkt á kröfunni 3,63%. Heildarstærð flokksins verður 16.820 m.kr. eftir útgáfuna.

Í samræmi við útboðstilkynningu bauðst eigendum flokksins ARION CB 24 að selja bréf sín á fyrirframákveðna hreina verðinu 99,0926 gegn kaupum í útboðinu. Niðurstaða skiptiútboðs leiðir til þess að Arion banki kaupir 740 m.kr. að nafnverði í flokknum ARION CB 24.

Stefnt er að töku skuldabréfanna til viðskipta í Nasdaq Iceland þann 11. janúar 2023. Skuldabréfin eru gefin út undir útgáfuramma sértryggðra skuldabréfa. Grunnlýsing útgáfurammans má nálgast [hér](#).

Umsjónaraðili útboðsins er Markaðsviðskipti Arion banka.

### Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, forstöðumanns fjárfestatengsla Arion banka, [ir@arionbanki.is](mailto:ir@arionbanki.is), s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eiríkur. [jonsson@arionbanki.is](mailto:jonsson@arionbanki.is), s. 856 7171

### Viðhengi

[Arion banki hf.: Niðurstaða útboðs sértryggðra skuldabréfa](#)